

Bræðratunguvegur (359), Flúðir - Tungufljót

sjá loftmynd á bls 3-4 og yfirlitskort á bls. 5-6



Ný brú yfir Hvítá á Bræðratunguvegi. Tölvumynd: Brúadeild Vegagerðarinnar, Guðrún Þóra Garðarsdóttir..

Í þessu blaði er auglýst útboð Bræðratunguvegar (359) frá Skeiða- og Hrunamannavegi að Biskupstungnabraut. Verkið felst í nýbyggingu Bræðratunguvegar frá Skeiða- og Hrunamannavegi og vestur fyrir brú á Tungufljóti ásamt tilheyrandi tengingum og smíði nýrrar 270 m langrar brúar á Hvítá. Lengd útboðskaflans er 7,16 km. Þetta er ný leið sem tengir saman þjónustuvæðin Flúðir og Reykholt. Til þessa hefur þurft að fara um Skálholt eða um gamla og lélega brú við Brúarhlöð. Nýja tengingin stytir þessa leið um 20 km.


Brú á Hvítá

Í útboðinu felst smíði brúar á Hvítá og framleiðsla niðurrekstrarstaura fyrir brúna. Flytja skal staurana á verkstað. Brúin verður 270 m löng, steypst eftirspennst bitabrá í 6 höfum, 25 m endahöf, og fjögur millihöf 55 m löng. Tvær akbrautir verða á brúnni og er rýmd þeirra með öxlum 9,0 m. Auk þess er 2,0 m breið göngu/reiðleið. Bríkur eru 0,5 m breiðar hvoru megin. Heildarbreidd brúar er 12,0 m. Veglína um brúna er bein í láréttu plani en ca 148 m af miðhluta brúarinnar eru í 20.000 m hæðarboga. Til endanna er brúin með 3,66‰ langhalla. Akbrautin er með þakhalla. Brúin verður grunduð á steypum niðurrekstrarstaurum og sér verkkaupi um að reka steypa staura í undirstöðurnar. Gera skal vinnuplan í brúarstæðinu fyrir niðurreksturinn. Búast má við að niðurrekstur staura geti tekið allt að 5 daga fyrir hvern millistöpul og eitt-hvað styttra fyrir landstöpla.

Áformað er að byggja brúna í tveimur áföngum og að ánni verði veitt frá vinnusvæðinu við byggingu áfanga 1. Við áfanga 2 er reiknað með að ánni sé veitt undir áfanga 1.

Vegur

Bræðratunguvegur (359) skal lagður samkvæmt vegtegund C₈ með heildarbreidd 8,0 m. Þar af er akbrautin 7,0 m og hvor öxl 0,5 m, þar af eru 0,4 m lagðir bundnu slitlagi. Heildarbreidd bundins slitlags því 7,8 m. Nýir hlutar Hvítárhólts- og Einhóltsvegur skulu lagðir samkvæmt vegtegund C₇. Það eru 7,0 m breiðir vegir með 6,0 m breiða akbraut og hvor öxl 0,5 m breið þar af 0,4 m lagðir bundnu slitlagi. Heildarbreidd bundins slitlags því 6,8 m.



Þversnið brúar á Hvítá, séð til vesturs. Gangbrautin er neðan straums. Mynd: Baldur Þór Þorvaldsson.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is


5. tbl. 17. árg. nr. 518 23. mars 2009

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Bræðratunguvegur (359), Flúðir - Tungufljót

Loftmynd af legu vegar og brúar yfir Hvítá

Sjá yfirlitskort og auglýsingu á næstu opnu



Héðinsfjarðargöng


Gröf tur Héðinsfjarðarganga frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar gekk mjög vel í viku 11. Sprengdir voru 72 m og er heildarlengd ganga þeim megin frá 4.807 m. Samtals er búið að sprengja 10.342 m eða 97,8% af heildarlengd og eftir eru 228 m. Einnig er unnið áfram við endanlegar bergstyrkingar í göngum frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar og gengur það verk vel.

Bolungarvíkurgöng


Gröf tur Bolungarvíkurganga gekk vel í viku 11. Frá Hnífsdal voru sprengdir 59 m og var heildarlengd þeim megin 1.177 m. Frá Bolungarvík voru einnig sprengdir 59 m og var heildarlengd þeim megin 1.244 m. Samtals er því búið að sprengja 2.421 m eða tæp 47% af heildarlengd.

Vefsíður

Á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, er að finna upplýsingar um þessar framkvæmdir í hliðarvalmynd undir „framkvæmdir“.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 9. mars. 2009. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.




Bolungarvíkurgöng 9. mars. Lengd frá Bolungarvík 1.244 m, frá Hnífsdal 1.177 m. Samtals 2.421 m eða tæp 47% af heildarlengd.



Hætt var að sprengja frá Héðinsfirði í 1.866 m. Búið er að sprengja 4.807 m í Ólafsfirði. Samtals 10.342 m sem er 97,8 %.





Sjá loftmynd á bls. 2 - 3

Auglýsingar útboða

Bræðratunguvegur (359), Flúðir - Tungufjót 08-032

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Bræðratunguvegar (359), milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Biskupstungnabrautar. Verkið felst í lögn Bræðratunguvegar á 7,2 km löngum kafla og 1,2 km löngum tengingum við hann. Verkið felur einnig í sér smíði 270 m langrar steyptar bitabrúar yfir Hvítá og gerð leiðigarða.

Helstu magntölur eru:

- Vegagerð
 - Fylling ásamt áætluðu sigi 293.000 m³
 - Bergskering, sprengingar 144.000 m³
 - Neðra burðarlag 36.000 m³
 - Efra burðarlag 13.000 m³
 - Tvöföld klæðing 58.000 m²
 - Frágangur fláa 161.000 m²
 - Rofvarnir á leiðigarða og fyllingar .. 10.000 m³
- Brú
 - Smíði niðurrekstrarstaura 2.304 m
 - GröfTUR fyrir sökklum 1.500 m³
 - Mótafletir 6.174 m²
 - Slakbent járnlögn 174.341 kg
 - Spennt járnalögn 78.500 kg
 - Steypa 4.158 m³

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. júní 2011. Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 23. mars 2009. Verð útboðsgagna er 10.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 5. maí 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.



Melrakkaslétta

Raufarhöfn

Kópasker

Vegagerð sem nú er í framkvæmd

Öxarfjörður

Kelduhverfi

Tunguheiði



ÍSLAND

ÚTBOÐS-
KAFLI

P i s t i l f j ö r ð u r

Auglýsingar útboða

Raufarhafnarvegur (874), Hófaskarðsleið - Flugvöllur

08-009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu Raufarhafnarvegur á um 14,1 km löngum kafla, frá Hófaskarðsleið að Raufarhafnarflugvelli.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	10.800 m ³
Önnur skering	76.500 m ³
Fylling	212.500 m ³
Fláafleygar	47.700 m ³
Ræsalögn	142 m
Endafrágangur ræsa	10 stk.
Neðra burðarlag	40.100 m ³
Efra burðarlag	22.300 m ³
Tvöföld klæðing	97.700 m ²
Girðingar	19.200 m

Lagningu slitlags á Raufarhafnarveg skal lokið fyrir 15. ágúst 2010. Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. október 2010.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsa-vegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu- deginum 23. mars 2009. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 15. apríl 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Bakkafjörður

	VEGAGERÐIN		Raufarhafnarvegur (85) Hófaskarðsleið - Flugvöllur		85
	Mælikvæði 1:???	Hannað Teikn. <i>Janúar 2009 ÖH</i> Yfirl.	YFIRLITSMYND		



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð		Auglýst: dagur, mánuður, ár	
Listi með fleiri verkum verður væntanlega birtur fljótlega			
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:	
09-005 Efnisvinnsla Norðvestursvæði, Bitrufjörður	23.03.09	07.04.09	
08-009 Raufarhafnarvegur (874) Hófaskarðsleið - Flugvöllur	23.03.09	15.04.09	
08-032 Bræðratunguvegur (359) Flúðir - Tungufljót	16.03.09	05.05.09	
08-064 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	16.03.09	31.03.09	
08-034 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	23.02.09	07.04.09	
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	02.02.09	24.03.09	
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	
08-022 Vestfjarðavegur (60), Þverá - Þingmannaá	02.02.09	24.02.09	
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Akurbrekka	26.01.09	10.02.09	
Samningum lokið	Opnað:	Samið:	
Ekki hefur verið lokið við neina samninga frá því 3. tbl. kom út			

Það er víst snjópungt á Siglufirði. Endi vegskála Héðinsfjarðarganga í Skútudal. Síðasta færa yfirbyggingar í undirbúningi. 16. mars 2009. Mynd: Björn A. Harðarson.

Auglýsingar útboða

Efnisvinnsla Norðvestursvæði, Bitrufjörður 09-005

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu í Bitrufirði á Ströndum. Um er að ræða mólun á efra burðarlagefni og klæðingarefni í einni námu.

Helstu magntölur eru:

Efni í efra burðarlag 16.000 m³

Efni í klæðingu 2.600 m³

Grjótnám á opnum svæðum 14.500 m³

Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 23. mars 2009. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 7. apríl og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.